



Minnisblað – 2005027

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur Dalabyggðar

Dags.: 12.01.2022

Á vordögum 2020 kom fram hugmynd um nýsköpunar- og frumkvöðlasetur í Dalabyggð og í lok maí fól byggðarráð Dalabyggðar sveitarstjóra að vinna áfram að málinu. Hugmyndin var að útbúa aðstöðu fyrir hugmyndaríka einstaklinga þar sem þeir hefðu rými til að vinna að verkefnum sínum og raungera viðskiptahugmyndir sem eftl gætu atvinnulíf innan sveitarfélagsins. Aðstöðuna væri einnig hægt að nýta fyrir störf án staðsetningar.

Gengið var í að leita liðssinnis þáverandi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra með verkefnið og einnig við að fá til afnota rými í stjórnarsýsluhúsi Dalabyggðar sem var í eigu Ríkiseigna. Eftir ítrekun á erindinu á haustmánuðum náðist fundur með fulltrúum ráðuneytisins og aðstoðarmanni ráðherra. Að nokkrum dögum liðnum frá fundi barst svo svar frá ráðherra þar sem hún fagnaði frumkvæði Dalabyggðar og sagðist styðja heilshugar að íslenska ríkið styðji við starfsemina með því að gera samning við Dalabyggð um notkun á því húsrými sem talið var hentugt. Í framhaldi var komið á samskiptum við fjármálaráðuneytið og síðar Ríkiseignir sem endaði með því að Dalabyggð festi kaup á rýminu sem sóst var eftir. Rýmið er á jarðhæð stjórnarsýsluhússins að Miðbraut 11 í Búðardal og fékkst á hagstæðu verði.

Einnig var leitað stuðnings hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi sem var staðfestur og síðar sótt um í Uppbyggingarsjóð Vesturlands fyrir verkefninu þar sem fékkst styrkur að upphæð 950.000 kr.- Þá var sent bréf á alla þáverandi þingmenn Norðvesturkjördæmis og þeir upplýstir um verkefnið og beðnir um að leggja því lið ef tækifæri yrði til. Fleiri aðilar hafa þegar lýst yfir stuðningi við verkefnið og má þar einnig nefna að NÝVEST veitti setrinu styrk að upphæð 1.000.000 kr.- nú rétt fyrir áramót.

Ástæðan fyrir að áhersla var lögð á að hafa setrið í sama húsi og stjórnarsýslu sveitarfélagsins Dalabyggðar er bæði sú að húsið er eitt af fáum í þéttbýlinu sem tengt er ljósleiðara og einnig að þannig væri hægt að hafa meiri nánd við opinbera þjónustu og einnig ráðgjöf sem kemur í húsið t.d. frá atvinnuráðgjöfum og menningarfulltrúa SSV. Þá var talið að við rannsóknarvinnu og upplýsingaöflun væri kostur að vera í nánd við bókasafnið sem er einnig staðsett á jarðhæð hússins.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 setti ákveðið strik í reikninginn, þar sem fundum og kynningarvinnu var frestað og ekki hægt að opna það á árinu 2021 eins og vonir stóðu til. Eins og staðan er í dag eiga Ríkiseignir eftir að ganga frá afmörkun rýmisins þar sem í aðliggjandi hluta er að finna lögreglustöð og því þarf að loka þar á milli, unnið er að þeirri útfærslu. Um þessar mundir er einnig verið að safna saman aðilum sem vilja eiga aðild að setrinu og veita því liðsstyrk, svo sem með ráðgjöf, viðveru, fjármagni, námskeiðahaldi, kynningarstarfsemi og svo framvegis.

Næsta skref er að stofna félag utan um nýsköpunar- og frumkvöðlasetrið, er því lagt til að byggðarráð fái umboð til að stofna það, setja því starfsreglur og koma verkefninu af stað fyrst um sinn.